um frv. til laga um sölu og útflutning sjávarafurða o. fl.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Í sjávarútvegsnefnd varð ekki samkomulag um afgreiðslu þessa frv. Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt þess, en við, sem undirritum þetta nefndarálit, leggjum til, að frv. verði vísað frá.

Eftir að frv. þetta hafði verið nokkuð rætt í nefndinni, þar á meðal á fundi, sem sjávarútvegsmálaráðherra mætti á, lögðum við undirritaðir til, að frv. yrði sent til umsagnar nokkrum aðilum, sem eiga beint og óbeint mikið undir því, hvernig ríkisstjórnin beitir valdi sínu gagnvart útflutningi og sölu varanna. Tekur þetta einkum og sérstaklega til útflutnings og sölu sjávarafurða, sem félagssamtök framleiðenda sjálfra hafa að langsamlega mestu leyti með höndum. Var tillaga okkar um þetta samþykkt í nefndinni. Var þess óskað bréflega, að eftirtaldir aðilar létu nefndinni í té álit sitt á frumvarpinu:

1. Síldarútvegsnefnd.
2. Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda.
3. Alþýðusamband Íslands.
4. Félag síldarsaltenda á Suðvesturlandi.
5. Félag síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi.
6. Samband íslenzkra samvinnufélaga.
7. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.
8. Samlag skreiðarframleiðenda.
9. Landssamband íslenzkra útvegsmanna.
10. Fiskifélag Íslands.

Allir þessir aðilar urðu við tilmælum nefndarinnar um að láta henni í té álit sitt um málið, og eru svör þeirra eða stuttur útdráttur úr þeim, þar sem um langt mál er að ræða, birt sem fylgiskjöl með nefndaráliti þessu. Eins og umsagnirnar bera með sér, mælir einn aðilinn, Alþýðusamband Íslands, með samþykkt frumvarpsins. Síldarútvegsnefnd telur hagkvæmast, að sala og útflutningur síldar verði áfram, eins og verið hefur nú um skeið, í höndum eins aðila, og mælir því í gegn, að frá því ráði verði horfið. Samband íslenzkra samvinnufélaga telur heppilegast, að minnst tveir útflytjendur séu löggiltir til að hafa á hendi útflutning sjávarafurða. En allir hinir aðilarnir, sjö að tölu, mæla gegn samþykkt frumvarpsins.

Nú er það svo, eins og skýrt er fram tekið í umsögn Fiskifélags Íslands, að ríkisstjórninni er með lögum frá 1940, um sölu og útflutning á vörum, og reglugerð um sama efni, veitt mjög víðtækt vald yfir útflutningi á vörum, þar á meðal sjávarafurðum, og verður ekki séð, að í frv. því, er hér um ræðir, séu nokkur þau ákvæði, sem fyrrgreind lög og reglugerð fela ekki í sér.

Á þeim rúmlega hálfum öðrum áratug, sem ríkisstjórninni hefur verið falið þetta vald um íhlutun gagnvart sölu útflutningsafurða, hefur þróunin í útflutningsmálum sjávarútvegsins alltaf meira og meira færzt í það horf, að framleiðendur hafi falið félagssamtökum sínum að hafa söluna með höndum. Þannig er þetta nú, að eigendur saltfisks hafa falið Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda sölu á öllum útfluttum saltfiski. Freðfiskssalan er öll að heita má í höndum tveggja félagssamtaka, Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og Sambands íslenzkra samvinnufélaga. Samband skreiðarframleiðenda hefur í sínum höndum sölu á 70% af allri skreiðarframleiðslunni. Og loks sér síldarútvegsnefnd um sölu á allri útfluttri saltsíld. Eru þá taldar allar aðalútflutningsvörur sjávarútvegsins, aðrar en lýsi, hrogn og mjöl, en sölu á miklum hluta þessara vara hafa félagssamtök framleiðenda einnig með höndum. Ríkisstjórnin hefur ekki til þessa sýnt neina viðleitni til þess að taka fram fyrir hendur framleiðendanna um þessa þróun sölutilhögunarinnar, en í þess stað jafnan látið framleiðendum í té stuðning sinn við þessi samtök, með því t. d. að veita sumum þessara félagssamtaka framleiðendanna löggildingu til útflutnings. Einnig hefur ríkisstjórnin haft hönd í bagga með því, hvaða verð skuli sett á vöruna, og úrskurðarvaldið um það er hverju sinni í hennar höndum.

Framkvæmd þessa víðtæka valds hefur farið þannig úr hendi hjá ríkisstjórninni, að ekki hafa fimm síðustu árin komið fram neinar tillögur um það á Alþingi að breyta þeim lögum, sem um þetta gilda.

Þetta sýnir, að þeir, sem hér eiga hlut að máli, hafa unað vel við það, hvernig ríkisstjórnin hefur beitt íhlutunarrétti sínum um þessi mál. Framleiðendur hafa þá líka einir ráðið um tilhögun þessara mála, enda væri það ákaflega óeðlilegt, að ríkisstjórnin færi að grípa inn í og beita sér gegn því, að framleiðendur mættu hafa þá tilhögun á sölu afurða sinna, er þeir telja að tryggi þeim hæst verð á heimsmarkaðinum. Það verður að telja mjög varhugavert, ef nokkuð yrði aðhafzt, er telja mætti að gæti gengið í berhögg við sjálfsbjargarviðleitni framleiðendanna á þessu sviði.

Nú mætti spyrja: Hvað veldur því, að þeir, sem standa að félagssamtökum framleiðenda, sem fara með sölu á útflutningsvörum sjávarútvegsins, skuli nú rísa upp

og andmæla harðlega samþykkt þessa frumvarps ríkisstjórnarinnar um sölu og útflutning sjávarafurða? Ekki er þetta gert af því, að ríkisstjórnin sækist eftir með frv. meira eða auknu valdi til íhlutunar um þessi mál. Eins og fyrr er að vikið, hefur ríkisstjórnin allt þetta vald í þeim lögum og reglugerð sem nú gilda. Hér hlýtur því eitthvað annað að koma til.

Og það þarf ekki heldur lengi að leita til að sjá, hvað hér er á seyði. Í greinargerð frv. er boðuð stefnubreyting af hálfu núverandi ríkisstjórnar í meðferð þess valds, sem hún hefur til áhrifa á gang og framkvæmd þessara mála. Það er tekið fram skýrum stöfum í greinargerðinni, að frjálsræði það, sem framleiðendur búa nú við um uppbyggingu félagssamtaka þeirra, er þeir fela sölu afurðanna, verði nú skert frá því, sem verið hefur. Og það er þannig að orði komizt um þennan boðskap: „Samkvæmt þessu fyrirkomulagi fær enginn útflytjandi einkarétt á útflutningi neinnar vörutegundar, en hverjum sem vill gefst kostur á að sýna hæfni sína og möguleika þá, sem fyrir hendi eru.“ Þetta er mjög skýrt fram sett, og enginn þarf að fara í grafgötur um það, að hverju er stefnt.

Síldarsaltendur líta svo á, að mikið öryggi felist í því, að síldarútvegsnefnd fari ein með sölu síldarinnar. Þeir líta svo á, að með þessum hætti notist betur að þröngum markaði, með þessari tilhögun sé salan tryggari og með þessu móti náist hærra verð fyrir síldina en ella. Síldarútflytjendur hafa talið, að síldarútvegsnefnd væri að þessu leyti nokkurs konar vígi fyrir þá. En nú boðar ríkisstjórnin, að hún ætli að brjóta niður þetta vígi. Nú „fær enginn útflytjandi einkarétt á útflutningi neinnar vörutegundar“, segir í greinargerðinni.

Útflytjendur saltfisks hafa talið hag sínum betur borgið með því að hafa sölu saltfisksins á einni hendi. Saltfiskurinn er líka seldur á þröngum markaði erlendis í harðri samkeppni við aðrar þjóðir. Frjálsræði framleiðendanna í þessu efni skal nú einnig takmarkað. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Samband íslenzkra samvinnufélaga hafa í sínum höndum alla freðfiskssöluna, þegar frá er tekið það lítilræði, sem framleitt er í fiskiðjuveri ríkisins. Allmikið af freðfiskinum er selt með samningum, sem hið opinbera gerir við önnur ríki. Hinn hlutinn, sem einnig er allverulegur, er að mestu á vegum Sölumiðstöðvarinnar og Sambandsins, sem hafa samstarf sín í milli. Nú ætlar ríkisstjórnin að stuðla að því, að hverjum sem vill gefist kostur á því að spreyta sig á sölu freðfisks í samkeppni við fyrrnefnd félagssamtök, án tillits til þess, sem þau kunna að hafa til málanna að leggja um það, hvað hér henti bezt hagsmunum Íslendinga. Hin nýja stefna stjórnarinnar er skýrt mörkuð. Með frv. er „gengið inn á nýja braut“, segir í greinargerðinni.

Eins og að er vikið í nefndarálitinu hér að framan, teljum við hina nýju stefnu stjórnarinnar hvað þetta varðar mjög varhugaverða. Affarasælast er vafalaust, að framleiðendurnir fái sjálfir að ráða því, hvaða tilhögun þeir hafa á þeim félagssamtökum sínum, er þeir fela söluna. Í þessu efni styðjast þeir við langa reynslu og þróunin í þessum málum þeirra er byggð á þessari reynslu. Það er engan veginn af því, að útflytjendur sjávarafurða kunni ekki eins og aðrir að meta kosti samkeppninnar í verzlun og viðskiptum. Það er þeim sem öðrum ljóst, að frjáls samkeppni í verzlun samfara miklu vöruframboði er langsamlega áhrifamesta og raunhæfasta aðferðin til þess að halda niðri vöruverði. Verðlagsákvarðanir ríkisvaldsins eru harla haldlitlar á viðskiptasviðinu í samanburði við samkeppnina. En hið gagnstæða verður upp á teningnum, þegar gera á ráðstafanir til að halda uppi vöruverði, eins og hér á sér stað í sambandi við útflutninginn. Þær þjóðir, sem kaupa af Íslendingum saltfiskinn, þekkja engu síður en vér kosti samkeppninnar til lækkunar á vöruverði. Þess vegna líta þær félagssamtök þau, sem framleiðendur hér hafa komið sér upp til þess að hafa á hendi fisksöluna og síldarframboðið, ekki sömu augum og vér. Þessar þjóðir vita, að þessi samtök og þetta söluform kemur við þær. Þær vita ofurvel, að með þessum samtökum styrkir seljandinn aðstöðu sína til þess að halda uppi verðinu.

Niðurstaðan hjá okkur af athugunum þessa máls verður því sú, að um leið

og við skírskotum til þess, sem að framan greinir, að ríkisstjórnin hefur í lögum og reglugerð allt það vald í þessum málum, sem í frv. felst, og er það því óþarft, þá viljum við brýna það fyrir ríkisstjórninni, að það sé hvort tveggja í senn óskynsamlegt og geti reynzt skaðlegt að taka fram fyrir hendur framleiðenda með því að leyfa þeim ekki að hafa það form á sölusamtökum sínum, er þeir telja að styrki bezt aðstöðu þeirra til þess að halda uppi afurðaverðinu.

Aðaltillaga okkar er því sú, að frv. verði vísað frá með rökstuddri dagskrá, en verði hún felld, munum við við 3. umr. ef til vill freista þess að flytja breytingartillögur við frv.

TILLAGA TIL RÖKSTUDDRAR DAGSKRÁR:

Þar sem ríkisstjórnin hefur í gildandi lögum og reglugerð allt það vald í þessum málum, sem í frv. felst, og telja verður varhugaverða þá nýju stefnu í framkvæmd þessara mála, sem boðuð er í greinargerð frv., þ. e. a. s. að leyfa framleiðendum ekki að ákveða það söluform, sem þeir telja hagsmunum sínum bezt borgið með, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 28. febr. 1957.

Pétur Ottesen, frsm. Sigurður Ágústsson.

Fylgiskjal I.

SÍLDARÚTVEGSNEFND

Reykjavík, 16. febrúar 1957.

Vér höfum haft til athugunar „frumvarp til laga um sölu og útflutning sjávarafurða o. fl.“, sem háttvirt sjávarútvegsnefnd Nd. sendi oss til umsagnar með bréfi, dags. 5. þ. m.

Munum vér eingöngu fjalla um útflutning saltaðrar síldar í svari voru.

Undanfarin 12 ár, eða frá styrjaldarlokum, hefur sala allrar saltaðrar síldar (þar með talin sérverkuð síld, svo sem kryddsíld og sykursíld) verið á einni hendi, og teljum vér hagkvæmast, að svo verði áfram.

Mörg undanfarin ár hefur síldarútvegsnefnd sent fyrirspurnir til síldarframleiðenda (síldarsaltenda) og óskað umsagnar þeirra um það, hvort þeir óskuðu eftir öðru sölufyrirkomulagi. Svörin hafa ávallt verið á þann veg, að aðeins örfáir framleiðendur (oftast 1—2) hafa óskað breytinga. Bendir þetta til þess, að síldarsaltendur óski svo að segja eindregið eftir því, að síldarsalan sé á einni hendi.

— — —

Það er sannfæring nefndarinnar, að hagkvæmustu samningar náist, sé síldarsalan í höndum eins aðila, og telur m. a. hættu á, að ekki náist viðunandi fyrirframsamningar við þýðingarmikil viðskiptalönd, þar sem um fleiri kaupendur en einn er að ræða, verði fleiri en einum aðila heimilað að bjóða þangað síld.

Síldarútvegsnefnd hefur ávallt lagt áherzlu á að selja síldina fyrir fram, þ. e. áður en veiði hefst hverju sinni, og telur þetta afar þýðingarmikið.

Með þessu hefur verið unnt að fá nokkurn veginn nægilegt rekstrarfé, til þess að söltun gæti hafizt. Á þessu veltur einnig ákvörðun fersksíldarverðs o. fl.

— — —

Eitt meginverkefni síldarútvegsnefndar ... er að ákveða og hafa eftirlit með, að síldin sé söltuð með það fyrir augum, að markaðir nýtist sem bezt, að ekki sé saltað of mikið af einni tegund en of litið af annarri og ekki meira hlutfallslega fyrir einn markað (land) en annan. Þetta er mjög mikilsvert atriði og tiltölulega auðvelt, ef salan er á einni hendi og fyrir fram vitað nokkurn veginn, hvert selja á.

Hin mestu vandræði geta stafað af því, ef offramleiðsla er á einni tegund, en of lítið af annarri. Má í þessu sambandi nefna, að vandræði hafa verið (og reyndar ekki séð fyrir lokin enn) að selja nokkur hundruð tunnur af ágætis sérverkaðri síld, sem framleidd var s. l. sumar umfram það, sem samningar sögðu til um.

Síldarútvegsnefnd hefur, síðan henni var falin einkasala síldar, séð um kaup og innflutning á öllum þeim tunnum, salti etc., sem ætlað er að nota þurfi hverju sinni. Liggja til þess þrjár meginástæður:

1. Að öruggt sé, að framleiðsla Tunnuverksmiðja ríkisins seljist.
2. Að þeir, sem ekki hafa fjárhagslega getu til þess að útvega tunnur og salt í byrjun vertíðar, missi ekki af atvinnu af þeim sökum.
3. Að allir saltendur sitji við sama borð um verðlag á tunnum og salti.

Það er vandséð, hvernig þetta mætti tryggja, ef ekki einn aðili hefur söluna í sinni hendi.

Með þessu fyrirkomulagi, þ. e. að síldarsalan og sala á tunnum o. þ. h. hefur verið í höndum eins aðila, þá hefur skapazt traust hjá bönkunum gagnvart þessari atvinnugrein, síldarverkuninni, sem eigi var áður fyrir hendi. Hefur þetta með fáum undantekningum orðið til þess, að síldarsaltendum hefur reynzt kleift að standa í skilum með greiðslu á fersksíld og verkunarlaunum.

Loks má á það benda, að samkvæmt lögum nr. 74 29. des. 1934, um síldarútvegsnefnd o. fl., og reglugerð frá 23. júní 1952, sem sett er samkvæmt téðum lögum, ákveður atvinnumálaráðherra árlega, að fengnum tillögum síldarútvegsnefndar, hvort hún hafi þessa sölu með höndum eða ekki.

Að þessu athuguðu leggjum vér til, að inn í 2. gr. frumvarpsins komi nýr málsliður svo hljóðandi:

„Um sölu og útflutning saltsíldar fer þó samkvæmt lögum nr. 74 29. des. 1934, um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl., svo og reglugerð frá 23. júní 1952, sem sett er samkvæmt téðum lögum."

Með hliðsjón af 2. gr. frumvarpsins leyfir nefndin sér að vekja athygli á 2., 3., 4., 5. og 10. gr. laga nr. 74 frá 29. des. 1934, um síldarútvegsnefnd, útflutning síldar, hagnýtingu markaða o. fl.

Gunnar Jóhannsson: Fyrirvari:

„Með tilliti til þeirrar reynslu, sem fengin er með því fyrirkomulagi, sem verið hefur á síldarsölu Íslendinga mörg undanfarin ár, er ég samþykkur því, að síldarútvegsnefnd óski eftir því við hæstv. sjávarútvegsmálaráðherra, að hann löggildi nefndina sem útflytjanda á saltaðri Íslandssíld. Tel þó eðlilegt, að síldarútvegsnefnd verði háð sömu ákvæðum og aðrir útflytjendur sjávarafurða, ef gerðar verða á breytingar frá núgildandi lögum, sbr. framkomið stjórnarfrumvarp á yfirstandandi Alþingi um sölu og útflutning sjávarafurða."

Með sérstakri virðingu,

Síldarútvegsnefnd.

Guðm. Jörundsson. Jón L. Þórðarson. B. Kristjánsson. Erl. Þorsteinsson.
Gunnar Jóhannsson.

Til sjávarútvegsnefndar neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

SÖLUSAMBAND ÍSLENZKRA FISKFRAMLEIÐENDA

Reykjavík, 8. febrúar 1957.

Vér viðurkennum móttöku bréfs yðar, dags. 5. þ. m., þar sem þér beiðizt umsagnar vorrar um frumvarp til laga um sölu og útflutning sjávarafurða o. fl., sem nú liggur fyrir Alþingi.

S. Í. F. var sem kunnugt er stofnað í júlí 1932 og hófst með því, að 3 stærstu útflutnings- og framleiðendafélögin — Kveldúlfur, Alliance og fisksölusamlögin við Faxaflóa — bundust samtökum um sölu þess saltfisks, sem þessi félög þá réðu yfir. Síðan bættust allflestir íslenzkir fiskframleiðendur í hópinn, og var megnið af saltfiskframleiðslunni 1932 þegar selt af stjórn þessara samtaka. Nú um langt skeið hefur sala alls saltfisks verið í höndum S. Í. F.

Höfuðmarkmið samtakanna hefur frá byrjun verið að stöðva verðlækkun á útfluttum saltfiski og að reyna að koma honum í eðlilegt verð, miðað við kaupgetu í neyzlulöndunum. Jafnframt var samtökunum ætlað að styðja hagsmuni innflytjenda í markaðslöndunum með því að koma í veg fyrir verðsveiflur á fiskinum, og gera þeim þannig áhættuminna að kaupa hann.

Þegar á fyrsta ári tókst S. Í. F. að hækka verð saltfisksins um hér um bil 20 af 100, og er fram liðu stundir, kom það í ljós, að hinir erlendu kaupendur felldu sig vel við það fyrirkomulag á fisksölunni, sem hér var upp tekið.

— — —

Höfuðmarkmið allrar útflutningsverzlunar hlýtur jafnan að miða að því að ná eins háu verði fyrir útflutningsvöruna og markaðsástandið frekast leyfir á hverjum tíma, þó þannig, að þess sé jafnan gætt, að gjaldgetu kaupenda sé ekki ofboðið og varan það vönduð, að hinir erlendu kaupendur taki hana fram yfir vöru keppinautanna.

Fengin reynsla hefur sýnt, að öruggasta leiðin að þessu marki er einmitt sú, að framleiðendur standi óklofnir að sölusamtökum sínum og að öll sala á erlenda markaði sé á einni hendi. Samkeppni margra útflytjenda um sölu á einni og sömu vöru á sama markaði og oft og tíðum samtímis til eins og sama kaupanda eða innflutningsaðila getur aldrei orðið til að halda uppi vöruverðinu, heldur hlýtur slík samkeppni jafnan að leiða að meira eða minna leyti til undirboða og verðfellingar, og það því fremur sem framboðið er meira. Auk þess fær hinn erlendi kaupandi oftast ranga hugmynd um hinar raunverulegu birgðir í landinu, þegar boð berast honum úr öllum áttum, enda þótt það sé í raun réttri einungis svo, að fleiri aðilar eru samtímis að bjóða út sama vörumagnið, en reynsla hefur leitt í ljós, að það verkar ávallt sem hemill á kaupendur, ef þeir halda, að miklar birgðir séu fyrir hendi. Álíta verður því, að það mundi að verulegu leyti veikja aðstöðu Íslendinga um saltfisksölur, ef einstökum aðilum yrði leyfður útflutningur á saltfiski, jafnvel þótt í smáum stíl væri.

Þá má það eigi gleymast, sem er mjög mikilsvert, að nafn Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda — Union of Icelandic Fish Producers — hefur unnið sér traust og er mjög vel kynnt í öllum markaðslöndum vorum og hefur verið síðastliðna tvo áratugi, sem er mikils virði í allri milliríkjaverzlun.

Með skírskotun til þess, er segir hér að framan, virðist það auðsætt, að breyting á núverandi sölufyrirkomulagi á íslenzkum saltfiski til markaðslanda vorra víðs vegar um heim, er fólgin væri í því, að útflutningnum væri dreift á fleiri útflutningsaðila, mundi verða skaðleg fyrir framleiðendur fisksins og án efa verka til verðlækkunar. Vér verðum því eindregið að leggja á móti því, að sú breyting verði gerð á sölufyrirkomulaginu, að öðrum aðilum verði veitt útflutningsheimild á saltfiski, meðan Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda er starfandi.

Ákveðið hefur verið, að aukafundur verði haldinn í S.Í.F. síðari hluta næstu viku, og hefur hann þegar verið auglýstur. Er það skoðun stjórnar samtakanna, að

nauðsynlegt sé, að vilji hinna einstöku fiskeigenda í þessu máli komi skýrt fram, og munum vér senda sjávarútvegsnefnd álitsgerð fiskeigenda þegar að fundi þessum loknum.

Virðingarfyllst,

Sölusamband ísl fiskframleiðenda.

Kr. Einarsson. H. Þórarinsson.

Til sjávarútvegsnefndar neðri deildar Alþingis.

Fylgiskjal III.

SÖLUSAMBAND ÍSLENZKRA FISKFRAMLEIÐENDA

Reykjavík, 16. febrúar 1957.

Með skírskotun til bréfs nefndarinnar, dags. 5. þ. m., og í framhaldi af bréfi voru, dags. 8. þ. m., viðvíkjandi frumvarpi til laga um sölu og útflutning sjávarafurða, leyfum vér oss að tilkynna háttvirtri sjávarútvegsnefnd, að á aukafundi S.Í.F. í gær var samþykkt eftirfarandi ályktun:

„Aukafundur Sölusambands ísl. fiskframleiðenda, haldinn í Reykjavík föstudaginn 15. febrúar, mótmælir framkomnu frumvarpi um sölu og útflutning sjávarafurða o. fl. og leggur til, að það verði fellt. Jafnframt beinir fundurinn þeirri ósk til Alþingis og ríkisstjórnar, að lög um sölu og útflutning á vörum, nr. 11 frá 12. febrúar 1940, verði framkvæmd á sama hátt og undanfarið, þannig að sala og útflutningur saltfisks verði áfram eingöngu í höndum sölusamtaka fiskframleiðenda, þ. e. a. s. Sölusambands ísl. fiskframleiðenda, enda álit fundarins, að hagsmunum fiskframleiðenda sé þannig bezt borgið.

Fundurinn óttast, að með fjölgun útflytjenda muni sækja í sama horf og var fyrir stofnun S.Í.F., þannig að útboð fleiri aðila muni óumflýjanlega valda verðlækkun og glundroða."

Ályktun þessi var samþykkt með 802 atkvæðum gegn 4, en 195 atkvæðaseðlar voru auðir.

Virðingarfyllst,

Sölusamband ísl fiskframleiðenda.

Kr. Einarsson. H. Þórarinsson.

Til sjávarútvegsnefndar neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal IV.

ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 11. febr. 1957.

Sjávarútvegsnefnd neðri deildar Alþingis hefur beiðzt umsagnar Alþýðusambands Íslands um frv. til laga um sölu og útflutning sjávarafurða o. fl. Miðstjórn sambandsins samþykkti á fundi sínum þ. 6. þ. m. að mæla með því við háttvirt Alþingi, að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

f. h. Alþýðusambands Íslands,

Snorri Jónsson.

Til sjávarútvegsnefndar neðri deildar Alþingis.

Fylgiskjal V.

FÉLAG SÍLDARSALTENDA Á SUÐVESTURLANDI

Reykjavík, 19. febr. 1957.

Vér höfum móttekið heiðrað bréf yðar, dags. 12. þ. m., með ósk yðar um, að vér látum í ljós álit vort um: Frumvarp til laga um sölu sjávarafurða o. fl., sem lagt hefur verið fram á hæstvirtu Alþingi, sem nú situr.

Vér viljum þegar í upphafi lýsa þeirri skoðun vorri, að bezt fari á því, að sala sjávarafurða til útlanda sé á sem fæstra höndum, og að framboð margra aðila á þeim vörum hafi oftlega valdið stórtjóni, að öðru leyti munum vér í þessu bréfi voru halda oss eingöngu við sölufyrirkomulag saltsíldar.

Eins og kunnugt er, var breytt um fyrirkomulag á sölu saltsíldar með setningu laga nr. 74/1934, um síldarútvegsnefnd. Var sú breyting gerð af brýnni þörf, sem skapazt hafði af þeim glundroða, sem leiddi af framboði margra einstakra saltenda og annarra seljenda á hina erlendu markaði. Það er einnig kunnugt, að það er lögmál viðskiptalífsins, að frjálst framboð vöru og samkeppni um kaupendur leiðir til lægra verðs. Þetta lögmál mælir gegn frjálsu framboði á útflutningsvörum vor Íslendinga, þ. á m. saltsíldar. Reynslan hafði sýnt, að hverju sinni, er mikil síld aflaðist og söltun var því mikil, kom skjótt fram ótti saltenda um að geta ekki selt alla framleiðslu sína, og hófst þá kapphlaup um bezta fáanlegt verð. Leiddi það til þess, að kaupendur kipptu að sér hendinni, unz markaðurinn var fallinn í algert lágmark. Þarf ekki að rekja hér sögu þessara mála.

Af þessum ástæðum greip ríkisvaldið til þess ráðs að setja lög um síldarútvegsnefnd sem fyrr getur. Auk þess sem hún kemur í veg fyrir undirboð, sem fyrr segir, hefur hún og það vald að hafa hemil á offramleiðslu. Slíkt er að sjálfsögðu mjög þýðingarmikið.

Vér erum þeirrar skoðunar, að síldarútvegsnefnd hafi yfirleitt tekizt vel í starfi sínu, þótt vér hins vegar teljum æskilegast, að samtök framleiðenda sjálfra annist afurðasöluna.

Vér viljum enn fremur leggja áherzlu á, að nú hagar svo til um sölu saltsíldar, að aðeins fá lönd eru kaupendur að henni og meginhluti sölunnar á sér stað með milliríkjasamningum. Mælir þetta mjög gegn framboði margra aðila eða fleiri en eins. Í þeim tilfellum, sem salan fer fram á annan hátt, er víst, að kaupendur, auk framleiðenda hér heima, telja hag sínum betur borgið, þegar við einn aðila er að skipta með saltsíldarkaup, sem getur þá tryggt þeim, að undirboð verði ekki gerð.

Með tilliti til framanritaðs, leyfum vér oss að mæla eindregið gegn því, að umrætt frumvarp verði samþykkt.

Bréf þetta var samið af stjórn F.S.S. á fundi, sem hún hélt í dag.

Virðingarfyllst,

f. h. stjórnar Félags síldarsaltenda á Suðvesturlandi,

Jón Árnason, form. Ingimar Einarsson, varaform.

Til sjávarútvegsnefndar Nd. Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal VI.

FÉLAG SÍLDARSALTENDA Á NORÐUR- OG AUSTURLANDI

Reykjavík, 14. febrúar 1957.

Sjávarútvegsnefnd neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Með bréfi, dags. 12. þ. m., hafið þér beiðzt umsagnar vorrar um frumvarp til laga um sölu og útflutning sjávarafurða o. fl., sem nú liggur fyrir Alþingi.

Sölumálum útfluttrar saltsíldar var komið í ákveðið form með lögum nr. 74/1934, um síldarútvegsnefnd, sölu síldar og hagnýtingu markaða o. fl.

Eftir heimsstyrjöldina síðari hefur sjávarútvegsmálaráðherra árlega notað heimild í lögum þessum til þess að fela síldarútvegsnefnd einkasölu útfluttrar saltsíldar.

Markaðsmálum hefur verið svo háttað á þessum tíma, að vér teljum, að brýna nauðsyn hafi borið til að hafa söluna á síldinni til útflutnings á einni hendi, og þar sem heildarsölufélag framleiðenda í þessari grein útflutningsframleiðslunnar var ekki til, teljum vér, að það hafi verið nauðsynleg og sjálfsögð ráðstöfun sjávarútvegsmálaráðherra að nota lagaheimild til að fela síldarútvegsnefnd sölu allrar útfluttrar síldar undanfarin ár.

Að vísu teljum vér, að framleiðendur ættu að hafa úrslitaáhrif í nefndinni, en þótt það sé ekki tryggt með núverandi fyrirkomulagi á kjöri nefndarmanna, þá stendur framleiðendum engu að síður opið að stofna eigið sölufélag, sem getur með vissum skilyrðum fengið einkarétt til þess að selja og flytja síld til útlanda.

— — —

Vér teljum sjálfsagt, að markaðsleit fyrir útflutta síld verði áfram í höndum síldarútvegsnefndar, en hún verði ekki falin útflutningsnefnd, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Þá viljum vér benda á, að ákvæði frumvarpsins um sölu og útflutning sjávarafurða virðist í ýmsum atriðum rekast á lög nr. 74/1934, um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl.

Vér teljum, að félög framleiðenda sjálfra eigi að hafa úrslitavald um það, hvernig sölumálum framleiðslugreinar þeirra sé háttað.

Þar eð vér berum traust til núverandi síldarútvegsnefndar og teljum, að starf hennar hafi orðið að miklu gagni, einkum vegna þess, að framboðið hefur verið á einni hendi og nefndinni hefur tekizt að halda vel á síldarsölumálunum, þá mótmælum vér mjög eindregið framkomnu frumvarpi um sölu og útflutning sjávarafurða, að því leyti sem það snertir útflutning þeirrar greinar sjávarútvegsins, saltsíldarframleiðsluna, sem vér höfum með höndum.

Vér leyfum oss því að mæla eindregið gegn því, að umrætt frumvarp verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

f. h. Félags síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi,

Sveinn Benediktsson, formaður.

Valtýr Þorsteinsson, varaformaður.

Haft var samband við aðra stjórnendur félagsins símleiðis, þá Gunnlaug Guðjónsson framkvæmdarstjóra, Siglufirði, Jón Árnason kaupfélagsstjóra, Raufarhöfn, og Þráin Sigurðsson framkvæmdarstjóra, Siglufirði, og lýstu þeir sig allir samþykka bréfinu.

Sveinn Benediktsson.

Fylgiskjal VII.

SAMBAND ÍSLENZKRA SAMVINNUFÉLAGA

Reykjavík, 15. febrúar 1957.

Sem svar við bréfi sjávarútvegsnefndar neðri deildar Alþingis, dags. 5. þ. m., þar sem beiðzt er umsagnar Sambandsins um frumvarp til laga um sölu og útflutning sjávarafurða og fleira, viljum vér hér með skýra yður frá, að stjórn Sambandsins tók þetta mál fyrir á fundi sínum í gær. Samþykkti stjórnin að svara fyrirspurn sjávarútvegsnefndarinnar á þá leið, að hún telji heppilegast, að minnst tveir útflytjendur séu löggiltir til að hafa á hendi útflutning á öllum sjávarafurðum. Með þessu áliti vísar stjórnin til fyrri samþykkta sinna um þetta mál.

Virðingarfyllst,

pr. pr. Samband ísl. samvinnufélaga,

E. Einarsson.

Til sjávarútvegsnefndar neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal VIII.

SÖLUMIÐSTÖÐ HRAÐFRYSTIHÚSANNA

Reykjavík, 11. febrúar 1957.

Oss hefur verið sent til umsagnar frumvarp til laga um sölu og útflutning sjávarafurða o. fl. og leyfum oss að gera við það eftirfarandi athugasemdir:

1. Vér teljum, að ráðherra sá, sem fer með sölumál og útflutning sjávarafurða, geti ekki fengið betri upplýsingar „um sölu og útflutning sjávarafurða“ hjá öðrum en sölusamtökum útflytjenda og einstökum útflytjendum og framleiðendum.

2. Í sambandi við ákvæði frumvarpsins um veitingu útflutningsleyfa viljum vér taka fram, að vér teljum því óheppilegra sem fleiri bjóða samtímis útflutningsvörur til sölu á erlendum markaði, eins og reynslan hefur margsannað.

3. Eins og kunnugt er, fá allir framleiðendur innan Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna sama verð fyrir sína vöru sömu tegundar, hvert sem hún er seld og hvað svo sem fyrir hana fæst. Þetta er nauðsynlegt innan sölufélaganna, en væri mjög óheppilegt, ef verðjafna ætti milli einstakra sölufélaga. Það mundi sljóvga ábyrgðartilfinninguna um markaðsöflun og að fá gott verð.

Það, að hver fiskeigandi skuli bera „fjárhagslega ábyrgð á vöru sinni vegna galla“, er sú framkvæmd, er viðgengst innan vorra sölusamtaka.

4. Að „hafa forgöngu um markaðsleit og tilraunir til að selja sjávarafurðir á nýja markaði og auka sölu þeirra á eldri mörkuðum“ teljum vér heppilegast að sé í höndum sölufélaga og útflutningsframleiðenda sjálfra, en eðlilegt, að ríkisvaldið styðji þá með fjárframlögum og öðrum nauðsynlegum aðgerðum til þess að stofna sjálfstæða sölframkvæmd í markaðslöndunum.

5. Varðandi 3. grein frumvarpsins þá teljum vér, að það atriði, sem hún ræðir um, sé ekki heppilegt, en bendum hins vegar á, að ríkisvaldinu hafi alltaf verið látnar í té þær upplýsingar, sem það hefur óskað.

Að öllu þessu athuguðu leggjum vér til, að frumvarp það, er hér um ræðir, verði ekki samþykkt.

Virðingarfyllst,

Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna,

Elías Þorsteinsson. Jón Gíslason. Einar Sigurðsson.

Til sjávarútvegsnefndar neðri deildar Alþingis.

Fylgiskjal IX.

SAMLAG SKREIÐARFRAMLEIÐENDA

Reykjavík, 13. febrúar 1957.

Háttvirt sjávarútvegsnefnd Nd. hefur með bréfi, dags. 5. þ. m., sent oss frv. til laga um sölu og útflutning sjávarafurða o. fl. til umsagnar, og er beðið um svar vort sem allra fyrst.

— — —

Frv. er talið samið eftir norskri fyrirmynd, og verður það engan veginn til að vekja traust á fyrirkomulaginu. Norskir útflytjendur virðast mjög óánægðir með afskipti hins opinbera af útflutningsverzlun sjávarafurða, a. m. k. hvað skreiðina snertir. Eftir því sem þaðan fréttist, má heita sífellt stríð út af þessum málum milli framleiðenda og útflytjenda annars vegar og stjórnardeilda hins vegar.

Opinberar útflutningsreglur Norðmanna virðast ekki vera góð fyrirmynd fyrir Íslendinga. — Að því er framkvæmd þeirra snertir og um það, hversu sumir útflytjendur þar undirbjóða hið opinbera lágmarksverð með leynilegum uppbótargreiðslum til kaupenda, liggja hjá oss og eins hjá S. Í. F. mjög margar umsagnir í bréfum áreiðanlegra viðskiptavina vorra erlendis.

Hvort sem litið er til hinna mjög svo umdeildu reglna, er norsk stjórnarvöld hafa í lög leitt varðandi útflutning fisks og þá sérstaklega skreiðar, eða til hins, hvaða viðbrögð norskir útflytjendur hafa að sögn, er það harla vonlítið, að oss Íslendingum sé að því nokkur hagur að feta í fótspor Norðmanna varðandi þessar útflutningsreglur og þá framkvæmd þeirra, er norskir útflytjendur hafa leiðzt út í í sambandi við þær. Hvað útflutning saltfisksins snertir hefur síðan 1932, er Sölusamlag íslenzkra fiskframleiðenda var stofnað hvað þann útflutning snertir, sú aðferð verið viðhöfð, að allir framleiðendur hafa myndað með sér eitt samlag, er sér um sölu allrar framleiðslunnar. Þetta fyrirkomulag hefur í heild sinni reynzt vel og verið til mikils öryggis fyrir bæði seljendur og kaupendur.

Við það hefur markaðurinn orðið fastari og að mestu leyti þann veg verið afstýrt þeim markaðstruflunum, er af því leiðir, þegar margir bjóða sömu vöru fram á markaðinn á sama tíma og oft til sama kaupanda.

Útflutningsdeildin í utanríkisráðuneytinu veitir útflutningsleyfi á skreiðinni, og má ekki selja nema á því verði, sem sú deild samþykkir hverju sinni. — Rétt er að geta þess, að sér til ráðuneytis hvað skreiðarverð snertir hefur útflutningsdeildin nokkra menn, sem hafa framleiðslu og sölu á skreið með höndum.

Þetta fyrirkomulag er ærið þunglamalegt í framkvæmd og hlýtur að tefja fyrir sölum á þessum afurðum í ýmsum tilfellum, þótt afgreiðsla í stjórnardeild eða útflutningsnefnd sé með eðlilegum hætti. Ekki hillir undir það í þessu frv., að hin áformaða útflutningsnefnd verði til að bæta það fyrirkomulag, er verið hefur á þessum opinberu afskiptum, nema síður sé, þar sem henni virðist ætluð mun frekari íhlutun um störf útflytjenda en hingað til hefur verið.

Afurðasölum er sem sé oft þannig háttað, að taka verður skjótar ákvarðanir um verð og sölukjör, og sá tími, sem í það hlýtur að fara að bera málið undir opinbera nefnd, getur oft orðið til þess, að sölutækifærið missist.

Í útflutningi skreiðarinnar eru margir útflytjendur starfandi og ekki vitað, hve margir þeir geta orðið með tímanum.

Þetta kann í sumum tilfellum að auka sölurnar á einstökum tímum frá því, sem væri, ef salan væri á einni hendi, en sú aukning er allajafna á kostnað verðsins.

— — —

Með tilvísun til þess, er að framan greinir, teljum vér umrætt frv. á engan hátt

vera til bóta fyrir sölu sjávarafurða, heldur til hins gagnstæða, og mælum eindregið á móti lögfestingu þess.

Virðingarfyllst,

Stjórn Samlags skreiðarframleiðenda,

Óskar Jónsson. Jón Gíslason. Ólafur H. Jónsson. Ásgeir G. Stefánsson.
Sveinbjörn Árnason. H. Ólafsson. Sig. Ágústsson. Karvel Ögmundsson.
Ólafur Jónsson.

Til sjávarútvegsnefndar Nd., Alþingi.

Fylgiskjal X.

LANDSSAMBAND ÍSLENZKRA ÚTVEGSMANNA

Reykjavík, 9. febr. 1957.

Vér höfum móttekið heiðrað bréf hæstvirtrar sjávarútvegsnefndar Nd. Alþingis, dags. 5. febrúar 1957, þar sem leitað er umsagnar stjórnar L. Í. Ú. um frumvarp til laga um sölu og útflutning sjávarafurða o. fl.

Vér teljum, að reynslan hafi sýnt, að heppilegast sé, að sala sömu vörutegundar, svo sem t. d. saltfisks, síldar, skreiðar og hraðfrysts fisks, sé á einni hendi, þar sem framleiðendur vörunnar hafi úrslitavald um stjórn sölumálanna.

Einnig teljum vér sjálfsagt, að sölufélög framleiðenda séu studd til markaðsleita og bættrar aðstöðu í hinum einstöku markaðslöndum af ríkisvaldinu, en hins vegar varhugavert, að ríkisvaldið eyði fé í þessu skyni, nema í fullri samvinnu við sölusamtök framleiðenda. Að undanförnu hefur verið misbrestur á því, að sölufélögin hafi fengið þann stuðning og þá fyrirgreiðslu, sem sjálfsögð er. Sé framboð í höndum margra aðila, er alltaf mikil hætta á, að hinir einstöku markaðir verði ekki nýttir með tilliti til heildarhagsmuna framleiðenda, og einnig hætta á undirboðum þrátt fyrir lágmarksverð, sem ákveðið kann að vera.

Ef margir eru um að selja sömu vöruna, virðist kaupendum oft og tíðum, að um miklu meira framboð sé að ræða en í raun og veru er, og hefur það áhrif til lækkunar á söluverði afurðanna.

L.Í.Ú. leggur höfuðáherzlu á, að sala sjávarafurða verði í höndum félagssamtaka framleiðenda sjálfra, og telur afkomu sjávarútvegsins velta á því, að sem bezt takist til um sölu afurðanna, og telur því, að það geti haft mjög alvarlegar afleiðingar, ef fulltrúar, sem ekki eiga sameiginlega hagsmuni með framleiðendum, verða settir til úrslitaáhrifa í sölumálum sjávarútvegsins.

Þar sem téð frumvarp felur í sér þessa hættu, skorar stjórn L.Í.Ú. á Alþingi að samþykkja ekki umrætt frumvarp.

Virðingarfyllst,

f. h. Landssambands ísl. útvegsmanna,

Sverrir Júlíusson. Sig. H. Egilsson.

Til sjávarútvegsnefndar Nd. Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal XI.

FISKIFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 14. febrúar 1957.

Vér höfum móttekið bréf hv. sjávarútvegsnefndar neðri deildar, dags. 5. þ. m., þar sem óskað er umsagnar vorrar um frv. til laga um sölu og útflutning sjávarafurða o. fl.

Félagsstjórnin hefur á fundi sínum í dag samþykkt það, sem hér fer á eftir:

Með lögum nr. 11 12. febrúar 1940, um sölu og útflutning á vörum, og reglugerð nr. 109 6. sept. 1948, um sama efni, er ríkisstjórninni veitt mjög víðtækt vald yfir útflutningi á vörum (þar á meðal sjávarafurðum), og fáum vér ekki séð, að í frumvarpi því, sem hér um ræðir, séu nokkur þau ákvæði, sem fyrrgreind lög og reglugerð fela ekki í sér. Sjáum vér því ekki tilgang þess, að sett verði ný lög um sama efni.

Í tilefni af því, sem segir í athugasemdum við frumvarpið, skal eftirfarandi tekið fram:

Svo sem segir í athugasemdunum, er meginhluti útflutnings fiskafurðanna í höndum samtaka framleiðenda sjálfra eða aðila, sem studdir eru af þeim, og hefur svo verið um langa hríð.

Telja verður, að þetta fyrirkomulag hafi sannað gildi sitt, enda er ekki kunnugt um annað en að framleiðendur yfirleitt hafi talið það henta sér bezt.

Virðingarfyllst,

Davíð Ólafsson.

Til sjávarútvegsnefndar Nd., Alþingi.